

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2022, þriðjudaginn 28. júní kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1169. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Akrasel 6** (04.943.006) 113006 Mál nr. BN058988
Agata Weronika Cieszynska, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Gunnhildur Björg Ívarsdóttir, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að grafa frá kjallara að hluta og koma fyrir gluggum og hurðum á göflum jafnframt því sem gerð er grein fyrir áður gerðri breytingu þar sem óuppfyllt rými í kjallara hafa verið innréttuð í parhúsi á lóð nr. 6 við Akrasel.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Áður gerð stækkun: 108,5 ferm./260,2 ferm.
Eftir stækkun: 581,6 ferm., 1.906,8 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
- Arnarbakki 1-3** (46.322.01) 111860 Mál nr. BN061155
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN059906 þar sem fram koma breytingar á hátíðasal og smíðastofu og komið er fyrir nýju opnanlegu fagi í forrými bókasafns á 1. hæð, á norðurhlið Breiðholtskóla á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

3. **Asparfell 2-12** (46.810.01) 112291 Mál nr. BN061154
670575-0479 Asparfell 2-12, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að setja svalalokanir á svalir allra íbúða í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2-12 við Asparfell.
Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélagsins Asparfell 2-12 dags. 15. júní 2021, bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021 og skráningartafla dag, 8. ágúst 2006.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
4. **Ármúli 38** (12.951.01) 103833 Mál nr. BN059388
Bergljót Rist, Svarðbæli, 531 Hvammstangi
Ágústa Jenný Forberg, Klettatún 13, 600 Akureyri
Lagt fram bréf byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2022 og bréf byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2022 þar sem eigendum voru kynnt áform um ógildingu byggingarleyfis sem samþykkt var á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. október 2021, þar sem sótt var um leyfi til að gera svalir og breyta hluta atvinnuhúsnæðis í tvær íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 38 á lóð nr. 38 við Ármúla (BN059388).
Samþykkt.
Byggingarleyfi, sem samþykkt var á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. október 2021, er fellt úr gildi með vísan til 2. mgr. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
5. **Ármúli 8** (12.900.03) 103753 Mál nr. BN061179
680380-0319 Sjónavarpsmiðstöðin ehf., Síðumúla 2, 108 Reykjavík
680696-2769 Fasteignafélagið Ármúla 8 ehf., Ármúla 8, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta útliti húss, þ.e. gluggum á rými 01-0102 er skipt út og fjölgað póstum með tilkomu lausafaga í efri hluta glugga á norðurhlið húss lóð nr. 8 við Ármúla.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti sem samþykktur var þann 26. janúar 2016.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísad til athugasemda.
6. **Ásendi 19** (18.244.01) 108420 Mál nr. BN059821
Ingibjörg R Björnsdóttir, Ásendi 19, 108 Reykjavík
Sótt er um samþykkt fyrir skráningartöflu vegna eignaskiptasamnings fyrir þrjúbýlishús á lóð nr. 19 við Ásenda.
Erindi fylgir umboð eiganda til umsækjanda dags 10. janúar 2022, fylgiskjal með nýjum eignanúmerum, afritum af aðaltekningum samþykktum 22. júní 1989.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

7. **Bauganes 16** (16.741.04) 106854 Mál nr. BN061121
Hjálmur Nordal, Bauganes 16, 102
Sigríður Sólveig Ólafsdóttir, Bauganes 16, 102
Sótt er um leyfi til að fjarlægja múrklæðningu og setja í staðinn læsta álklaðningu og timbur á einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Bauganes.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. **Básendi 2** (18.240.10) 108382 Mál nr. BN059142
Arnar Konráðsson, Básendi 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innréttu stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerki, einbýlishúsi á lóð nr. 2 við Básenda.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. mars 2022 fylgir erindi, einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. mar 2022. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Tunguvegi 1 og 3, Básenda 1 og 4 og Ásenda 3, 5 og 7. Frá 27. janúar 2022 til og með 24. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun: 83,8 ferm., 116,2 rúmm.
Eftir stækkun: 237,5ferm., 671,3 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Bitruháls 1** (43.030.01) 111018 Mál nr. BN060863
460269-0599 Auðhumla svf., Austurvegi 65, 800 Selfoss
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við mhl. 01, 1. hæð, yfir port milli X08 og X09, byggja nýjan ramp til norðurs, breyta innra skipulagi og útliti á 1. hæð og uppfæra brunavarnir í húsi á lóð nr. 1 við Bitruháls.
Erindi fylgir leyfi Heilbrigðiseftirlit dags. 27. maí 2014 umsögn brunahönnuðar dags. 6. apríl 2022, yfirlit breytinga.
Stækkun, mhl. 01: 211,9 ferm., 1238,1 rúmm.
Eftir stækkun, mhl. 01: 19.467,6 ferm., 120.887,4 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. **Brekkustígur 3** (11.342.06) 100333 Mál nr. BN061157
Ragnheiður Jónsdóttir, Mosfell, 271 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja burðarveggi milli herbergis, stofu og eldhúss og gera að alrými á 1. hæð í íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 3 við Brekkustíg.
Erindi fylgir A3 afrit af aðalteikningum samþykktum 11. ágúst 2009 með yfirliti breytinga.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

11. **Drafnarstígur 5** (11.342.14) 100340 Mál nr. BN061176
530704-2460 Pre ehf, Drafnarstíg 5, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðvesturhlið húss á lóð nr. 5 við Drafnarstíg.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. **Dyngjuvegur 18** (13.843.05) 104902 Mál nr. BN061051
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.
Stærð: 792,0 ferm., 2.502,7 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. **Eiðsgrandi** Mál nr. BN061040
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja útsýnispall með settröppum og bekkjum við nýjan sjóvarnargarð og göngustíg á borgarlandi norðan við Eiðsgranda á mótis við Grandaveg.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. **Einarsnes 20-26** (16.711.03) 106764 Mál nr. BN061094
Gunnar Sigurðsson, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, kjallara undir bílskúr, janframt er sótt um leyfi til að byggja viðbyggingu ofan á bílskúr úr léttum byggingarefnum á húsi nr. 24 á lóð nr. 20-26 við Einarsnes.
Stærð: 24,96 ferm., 82,6 rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. **Eirhöfði 18** (40.300.04) 110516 Mál nr. BN061034
611098-2359 Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að reisa þakskyggni yfir aflestun á vörum á suðurhlið, byggja viðbyggingu á austurhlið úr timbureiningum og að setja nýja glugga á austurhlið húss á lóð nr. 18 við Eirhöfða.
Jafnframt er erindi BN060896 dregið til baka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. **Fálkagata 15** (15.532.10) 106555 Mál nr. BN061175
Sigurður Ingi Erlingsson, Fálkagata 15, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að afmarka geymslurými undir stiga fyrstu hæðar og breyta skráningu þannig að ný geymsla, rými 03 0104, verði hluti íbúðar 03-0102, F2028649 í húsi á lóð nr. 15 við Fálkagötu.
Stærð húss: Óbreytt.
Erindi fylgir afrit aðaluppdráttu sem samþykktir voru þann 30. janúar 1986 og 7. apríl 1993.
Erindi fylgir afrit samkomulags vegna breytinga og eignatilfærslu hluta sameignar, dags. 7. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
17. **Fiskislóð 18** (11.150.02) 177043 Mál nr. BN061182
430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir snyrtingu í rými 0201, þannig að hæðin stækkar, breyta notkun á rými 0102 úr lager í bílaþrif og stækka vörulagerhurð á suðurhlið, á húsi á lóð nr. 18 við Fiskislóð.
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 21 júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. **Frakkastígur 22** (11.823.10) 101907 Mál nr. BN061167
Anna G. Sigurðardóttir Ringsted, Frakkastígur 22, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi íbúðar 0101 og til þess breyta glugga í björgunarop á austurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 22 við Frakkastíg.
Erindi fylgir A3 afrit af teikningum samþykktum 26. maí 1999 .
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

19. **Fýlshólar 11** (04.641.5) 111895 Mál nr. BN061105
Kristín Brynhildur Davíðsdóttir, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður
Ásgeir Logi Ásgeirsson, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður
Sótt er um leyfi til að stækka rými 0101 út á hluta svala með gluggum, eldhús fært og sameinað stofu, komið fyrir herbergi, staðsetning sorps fært frammar á lóð, komið fyrir heitum potti og útisturtu sunnan við hús, í rými 0002 er gluggi herbergis á austurhlíð síkkaður og komið fyrir björgunaropi, gluggi síkkaður í þvottahúsi, lóð lækkuð að hluta á austurhlíð og komið fyrir nýjum inngangi, verkstæðisrými breytt í sjónvarpsherbergi, rými 0001 stækkar undir hluta svala með gluggum, eldhús fært og sameinað stofu, komið fyrir herbergi, björgunarop sett í bæði herbergin, komið fyrir þvottaðstöðu og geymslu undir stiga við forstofu í húsi á lóð nr. 11 við Fýlshóla.
Stærð: 47,0 ferm., 152,2 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktir þann 10. apríl 1974 og 4. desember 2012,
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa og umsögn skrifstofu reksturs og umhirðu, dagsettar þann 23. júní 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Jafnframt er erindi BN060940 dregið til baka með tölvupósti dags. 8. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
20. **Gerðarbrunnur 20-22** (50.564.04) 206055 Mál nr. BN060334
Steinar Karlsson, Víkurbakki 22, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN038485, vegna lokaúttektar og eru breytingar þær helstar að húsið verður klætt með málmklæðningu en ekki málm- og timburklæðningu, stigi í garði nr. 20 færast að lóðarmörkum, svalahandrið verður klætt plastklæðningu og ýmsar aðrar smá breytingar á parhúsi á lóð nr. 20-22 við Gerðarbrunn.
Erindi fylgir samþykki frá eiganda nr. 18, dags. 17. janúar 2021
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. **Grandagarður 16** (01.114.301) 100040 Mál nr. BN060972
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að gera glugga, nýja inngangshurð og breyta innra skipulagi þannig að hluti af rýmum 0104 og 0105 eru sameinuð í eitt rými og innréttuð vinnuástaða á upphækkuðu gólfi, starfsmannaástaða og verkstæði fyrir starfsmenn nýrrar hafnarvogar sem komið verður fyrir í gryfju við suðvesturhlíð húss á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir skýringarskjal vegna skráningartöflu dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af samþykktum teikningum.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.

22. **Grensásvegur 14** (12.954.05) 103852 Mál nr. BN060831
480199-3089 Frikkabílar sf., Grensásvegi 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í suðurenda rýmis 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Erindi fylgir samþykki húseigenda dags. 4. apríl 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum samþykktum 30. nóvember 2021 og aðaltekningum samþykktum 9. nóvember 1989.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
23. **Grundarhús 2-12** (28.422.04) 109711 Mál nr. BN061111
490191-1199 Grundarhús 2-12, húsfélag, Grundarhúsum 4, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja timbursvalir á súlum og byggja nýjar og stærri vegghengdar svalir úr stáli og timbri á suðurhlíð 2. hæðar í fjölbýlishúsi á lóð 2-12 við Grundarhús.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. maí 2022 og yfirlit breytinga á A4
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. **Hagasel 23** (49.377.01) 112913 Mál nr. BN061141
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058272 vegna lokaúttektar þannig að landaðlögum er breytt og niðurföll eru tekin inn fyrir klæðningu á fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Hagasel.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. **Haukahlíð 2** (16.274.01) 223517 Mál nr. BN061145
661005-1490 S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílakjallara, mhl. 01 og tvo stigaganga undir mhl. 02 og 03, ásamt tveimur settum þriggja djúpgáma undir mhl. 12 og 13, þ.e. Valshlíð 1 sem er fimm hæða fjölbýlishús með 21 íbúð og Valshlíð 3 sem er fimm hæða fjölbýlishús með 33 íbúðum, í kjallara eru geymslur, hjólageymslur, inntaksrými og brunastúka milli húss og bílageymslu, vagnageymsla er á jarðhæð, djúpgámasett mhl. 12 og 13 eru vestan og sunnan við lóð nr. 2 við Haukahlíð.
Stærðir:
Mhl.01: 3.159,8 ferm., 8.654,5 rúmm. - Bílakjallari og stoðrými
Mhl.02: 2.326,0 ferm., 6.633,1 rúmm. - Fjölbýlishús 21 íb.
Mhl.03: 3.629,7 ferm., 10.433,7 rúmm. - Fjölbýlishús 33 íb.
Mhl.12: 10,4 ferm., 35,9 rúmm. - Djúpgámar.
Mhl.13: 10,4 ferm., 35,9 rúmm. - Djúpgámar.
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 14. júní 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 13. júní 2022, greinargerð hljóðvistar dags. 14. júní 2022 og útreikningu varmataps dags. 14. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

26. **Heiðargerði 34** (18.021.01) 107650 Mál nr. BN060209
Gunnar Björn Melsted, Heiðargerði 34, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka þak aðalbygginga um 70 cm, kvistir stækkaðir, komið fyrir tveimur þakgluggum og færa mæni lægra húss upp í efri, tengja núverandi bílskúr við aðalhúsið með tengigangi og nýju anddyri, bílskúr verði stofurými, við enda tengigangs til austurs verði innangengt í glerskála og gróðurhús, gluggi stækkaður í risi og komið fyrir nýjum glugga á fyrstu hæð norðurhliðar, eldstæði komið fyrir í stofu ásamt reyrkröri við vesturhlið og svalir á vesturhlið, jafnframt er stefna þakhalla bílskúrs breytt til norðvesturs á húsi á lóð nr. 34 við Heiðargerði.
Stækkun er: 37,7 ferm., 283,5 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. nóvember 2021, afrit aðaluppdráttar sem samþykkt voru þann 8. maí 1952 og 25. júlí 1963.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
27. **Hverafold 1-5** (28.742.01) 110375 Mál nr. BN060976
561299-4129 Columbus Classis ehf., Ægisíðu 70, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058752 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, snyrtingum fækkað úr fimm í tvær, búningaástaða og sturtur fjarlægðar og fataskápum komið fyrir á snyrtingu í staðinn, eldhús er fært, komið er fyrir opnu skrifstofurými og sófahorni í rými 0101, einnig er komið fyrir vörumóttökukurð í stað glugga á suðurhlið verslunarhúss nr. 1-3, mhl.01, á lóð nr. 1-5 við Hverafold.
Erindi fylgir samþykki húsfélags dags. 5. júní 2022, bréf frá hönnuði dags. 24. maí 2022 og yfirlit breytinga, afrit af aðalteikningum samþykktum 16. mars 2021 og afstöðumynd sem samþykkt var 7. mars 2017.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. **Hverfisgata 82** (11.730.13) 101503 Mál nr. BN061057
María Thi Le, Hvammsgerði 12, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í rými 0102 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 82 við Hverfisgötu.
Samþykki eiganda rýmis fylgir með ódags.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

29. **Hæðarsel 12** (49.272.06) 112742 Mál nr. BN061160
 551098-2149 Köfun og öryggi ehf., Flötum 22, 900 Vestmannaeyjar
 Sótt er um leyfi til þess að byggja sólskála á steiptum grunni, við vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 12 við Hæðarsel.
 Stækkun: 17.7 ferm., 42.4 rúmm.
 Erindi fylgir staðfesting starfsábyrgðartryggingar dags. 8. apríl 2022 og ljósmyndir af lóð nr. 12 við Hæðarsel.
 Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. **Ingunnargata 3** (01.631.309) 220417 Mál nr. BN061017
 441220-0810 Pikkoló ehf., Lynghaga 10, 107 Reykjavík
 Sótt er um stöðuleyfi fyrir færanlegri snjall-sjálfsafgreiðslustöð með kælingu fyrir matvörur, byggða úr clt einingum, á viðskipta- og þjónustulóð nr. 3 við Ingunnargötu.
 Erindi fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
 Stærð: 22.0 ferm., 74.8 rúmm.
 Erindi fylgir lóðablað 1.631.3 dags. 18. mars.2022.
 Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
31. **Járnsléttu 8** (34.543.211) 229474 Mál nr. BN060869
 470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059799 þannig að byggt verður einnar hæðar skrifstofuhús úr vinnubúðaeiningum, timbureiningar á stálgrind, klætt timbri, sem verður mhl. 02 ásamt því að fjögur bílastæði eru færð til á lóð nr. 8 við Járnsléttu.
 Stærð, A-rými: 172,7 ferm., 457,7 rúmm.
 Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf hönnuðar dags. 12. apríl 2022 og greinargerð um brunavarnir frá Örug, dags. 1. apríl 2022.
 Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
32. **Kambsvegur 27** (13.542.01) 104279 Mál nr. BN060338
 Jóhann Rúnar Kjartansson, Kambsvegur 27, 104 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbygginu við austurhlið einbýlishúss á einni hæð auk kjallara, á lóð nr. 27 við Kambsveg.
 Stækkun: 91,0 ferm., xx.x rúmm.
 Erindi fylgir ódagsett teikningaskrá.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

33. **Kirkjustétt 2-6** (41.322.01) 188525 Mál nr. BN061185
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN055665 þannig að hætt er við að hafa hurðir á göngum 2. og 3. hæða og komið er fyrir heitum potti á svalir á 0309, í húsi á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
34. **Koparsléttu 5** (34.533.702) 206632 Mál nr. BN061140
610115-0120 Ástríkur ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa tvö geymslulúsi á einni hæð úr forsteyptum einingum með 16 geymslubilum hvort, alls 32 geymslubil, á lóð nr. 5 við Koparsléttu.
Stærðir geymslulúsnæðis er: Mhl. 01 er 649,5 ferm., 2.969,5 rúmm. Mhl. 02 er : 649,5 ferm., 2.969,5 rúmm.
Erindi fylgir orkurammaútreikningar dags. 14. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
35. **Krókháls 6** (43.240.02) 111041 Mál nr. BN061074
671021-1850 MA3 ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057705 þannig að rými 0201, 0202, 0203 og 0204 eru sameinuð í eina rekstrareiningu 0201 og innréttað sem skrifstofur fyrir 25 starfsmenn á 2. hæð í þriggja hæða iðnaðar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 6 við Krókháls.
Erindi fylgir bréf vinnuefirlitsins dags. 20. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
36. **Langagerði 118** (18.331.08) 108588 Mál nr. BN061172
Helena Ísaksdóttir, Langagerði 118, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera glerhýsi við 1. hæð, gera nýjar svalir á svalahús suðurhlíðar annarrar hæðar og aðalinngangur færður til, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum framkvæmdum sem átt hafa sér stað í árána rás, þar sem m.a. er búið að breyta innra skipulagi fyrstu hæðar og gerð hurð út í garð á vesturhlíð húss á lóð nr. 118 við Langagerði.
Stækkun á glerskála er: 17,5 ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 12.600.
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

37. **Laugarásvegur 46** (13.850.05) 104915 Mál nr. BN060936
 Enchtuja Bold Suchegin, Furugerði 4, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til þess að breyta notkun hluta risrýmis úr fylgirými (F) í notkunarrými (n), einangra að innan, setja tvo þakglugga á suðurþekju, og tvo á norðurþekju og innrétta þar alrými með salerni og sturtu, gera stiga niður á 1. hæð og nýjan glugga á geymslurými við vesturúttvegg jarðhæðar í einbýlishúsi á lóð nr. 46. við Laugarásveg.
 Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
 Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags, 24. apríl 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 11. nóvember 1976 og 27. janúar 1977. Húsaskoðun dags. 27. júní 2022.
 Gjald kr. 12.600.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
38. **Laugavegur 180** (12.520.01) 103443 Mál nr. BN061133
 590269-1749 Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059602 þannig að flokki veitingastaðar er breytt úr flokki I tegund E í flokki II Tegund E, og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 180 við Laugaveg.
 Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði þar sem hann dregur til baka erindi BN06275.
 Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
39. **Laugavegur 28D** (11.722.09) 101464 Mál nr. BN059729
 680898-2869 Dómus ehf, Smyrlahrauni 1, 220 Hafnarfjörður
 Sótt er um leyfi til þess að setja kvisti á báðar þekjur þaks, og stál svalir á hverja hæð til suðurs, auka lofthæð kjallara auk þess sem endurbyggja á og betrubæta á innviði í tengslum við viðhald í íbúðarhúsi á lóð nr. 28D við Laugaveg.
 Stækkun: xx. x ferm., x.xx rúmm.
 Erindi fylgir ódagsett minnisblað hönnuðar ásamt gamalli teikningu.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021.
 Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. janúar 2021.
 Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
40. **Laugavegur 31** (11.720.07) 101429 Mál nr. BN061169
 Chinh Thi Ngo, Álftamýri 34, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi fyrir heilsustúdíó, nudd, fót- og naglasnyrtingu, á 1. hæð í rými 0101 með starfsmannaaðstöðu í kjallara, rými 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Vatnsstíg 3, mhl,02, á lóð nr. 31 við Laugaveg.
 Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

41. **Lautarvegur 6** (17.943.03) 213567 Mál nr. BN061137
Kristín Lilja Eyglóardóttir, Svíþjóð, Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059305, þ.e. auk þess að setja svalalokun á verönd 1. hæðar og svalir 2. hæðar er nú íbúð 3. hæðar stækkuð og þar með eru svalir minnkaðar í húsi á lóð nr. 6 við Lautarveg.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
42. **Lækjargata 8** (11.405.10) 100870 Mál nr. BN061016
Stefanía Ingvarsdóttir, Vesturgata 32, 101 Reykjavík
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0102 í mhl. 01, veitingastaður í flokki I, tegund c., fyrir 30 gesti í húsi á lóð nr. 8 við Lækjargötu.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar, samþykktur þann 24. maí 2011.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
43. **Norðurbrún 2** (13.525.01) 104191 Mál nr. BN061171
510219-1470 Ósvör ehf., Nýhöfn 3, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057719 þannig að lóð hefur verið breytt, stokkar færðir til og brunamerkingar uppfærðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Norðurbrún.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
44. **Nýlendugata 19B** (11.312.04) 100173 Mál nr. BN060839
Adolf Friðriksson, Nýlendugata 19, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innrétt þar íbúðarrými, grafa frá kjallara, gera nýjan inngang og verönd, byggja verönd og svalir á suðurhlið 1., 2. og 3. hæðar, færa inngang frá gafla á suðurhlið, bæta við glugga á götuhlið, breyta innra skipulagi á öllum hæðum og sameign í kjallara og innrétt 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Nýlendugötu.
Stækkun: xx rúmm.
Stærð eftir breytingar, A-rými: 252 ferm., 662,1 rúmm.
B-rými: 4,2 ferm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. júlí 2021, umsögn Borgarsögusafns dags. 28. júlí 2021 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

45. **Skipasund 2** (13.551.13) 104340 Mál nr. BN061123
Margrét Þorsteinsdóttir, Skipasund 2, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja bílgeymslu, mhl.03, sem tilheyrir íbúðarhúsinu Skipasundi 2, mhl.01 á lóð nr. 108 við Kleppsveg.
Stærð: 47.4 ferm., 149.3 rúmm.
Erindi fylgir lóðarbreyting dags 26. janúar 1977.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
46. **Skólavörðustígur 12** (11.803.01) 101712 Mál nr. BN061168
521208-1710 Listasmiðja Kramhússins ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060271 þannig að breytt er brunakröfum á brunhurðum í kjallara og handslökkvitæki á hæðinni er fært til á fyrstu hæð í rými 0103, í kaffihúsi og vínbar í flokki. II, tegund f, fyrir 30 gesti, í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 12 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
47. **Skútuvegur 4** (14.202.01) 105166 Mál nr. BN061177
690174-0499 Nýborg ehf., Súlunesi 19, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að innréttu þjónusturými fyrir langferðabifreiðar, gera aksturshurðir á vesturhlið og sprautuklefa og stækka milligólf í mhl. 02 í húsi á lóð nr. 4 við Skútuveg.
Sbr. erindið BN055104 og BN056989
Stækkun milligólfs er: 81,0 ferm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
48. **Snorrabraut 60** (11.934.03) 102537 Mál nr. BN061054
510315-0220 Landberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að fækka bílastæðum um tvö og stækka hús til norðvesturs með viðbyggingu á einni hæð, og koma fyrir móttöku, vörumóttöku, vörulager, hjóla- og sorpgeymslu fyrir rannsóknarstofur Blóðbankans í húsi, mhl.01, á lóð nr. 60 við Snorrabraut.
Stækkun: 76.7 ferm, 193.6 rúmm.
Erindi fylgir umsögn skrifstofu reksturs og umhirðu í formi tölvupósts dags. 14. júní 2022, umboð lóðarhafa til hönnuða dags. 24. maí 2022, greinargerð verkfræðisistofunnar Öruggr um brunahönnun dags. 26. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningu samþykkt 30. október 2012.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. x. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

49. **Sólheimar 19-21** (14.332.01) 105276 Mál nr. BN061150
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka glugga á austurhlið, koma fyrir tveimur gluggum á vesturhlið og gera skábraut við aðalinngang leikskólans Sundaborgar nr. 19 við Sólheima.
Gjald kr. 12.600)
Frestað.
Vísað til athugasemda.
50. **Sólvallagata 10** (11.603.18) 101180 Mál nr. BN060410
Árni Oddur Þórðarson, Sólvallagata 10, 101 Reykjavík
Eyrún Lind Magnúsdóttir, Sólvallagata 10, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka bílageymslu einbýlishúss og breyta innra skipulagi þannig að komið er fyrir hjólageymslu, baðherbergi og æfingarsal í mhl. 70, á lóð nr. 10 við Sólvallagötu.
Stækkun mhl. 70: 28.1 ferm., 211.8 rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. desember 2021 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 25. október 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2022.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
51. **Sólvallagata 66** (01.134.509) 100393 Mál nr. BN057480
Guðmundur H Guðjónsson, Sólvallagata 66, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi sem felast í því að geymslu er breytt í svefnherbergi, eldhús er fært til og gert þar baðherbergi auk þess sem gat er stækkað frá stofu inn í herbergi í íbúð 0001 í húsi nr. 66 við Sólvallagötu.
Erindi fylgir umsögn burðarvirksihönnuðar á teikningu dags.
Samþykki meðeigenda fylgir dags. 6. júní 2022
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
52. **Stóragerði 14** (18.001.02) 107585 Mál nr. BN061012
690110-1640 Kolmi ehf., Austurkór 2, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, rými 0005 stækkað og minnkar hlutur sameignar því til samræmis, komið fyrir baðherbergi rými 0004 í húsi nr. 14 á lóð nr. 10-14 við Stóragerði.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgir afrit afsals hluta sameignar dags. 1. október 2020.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 14. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

53. **Stórholt 33** (12.462.10) 103317 Mál nr. BN061161
Ingi Garðar Friðriksson, Hlunnavogur 3, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílgeymslu í norðausturhorni lóðar nr. 33 við Stórholt.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísad til athugasemda.
54. **Suðurlandsbraut borh.** (12.60-.98) 103498 Mál nr. BN061178
680380-0319 Sjónvörpasmíðstöðin ehf., Síðumúla 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059386, efsti pallur stiga utanhúss á suðausturhlið er stækkaður, hluti handriðs verður opnalegt fyrir vöruflutninga, í stað glugga kemur inngangshurð og þar við uppdraganleg hurð á efri hæð á húsi nr. á lóð nr. 26 við Suðurlandsbraut.
Stærð húss: Óbreytt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti sem samþykktur var þann 13. júlí 2021.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísad til athugasemda.
55. **Súðarvogur 40** (14.544.03) 105641 Mál nr. BN060850
Gunnar Þór Gunnarsson, Suðurhólar 26, 111 Reykjavík
430604-2790 Vélaverkstæði B.Racing ehf, Fannafold 71, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem rými 0101 hefur verið skipt í tvær eignir, 0101 og 0102 auk annarra breytinga í hús á lóð nr. 40 við Súðarvog.
Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 10. maí 2022 og samþykki meðlóðarhafa á teikningum dags. 10. mars. 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísad til athugasemda.
56. **Sörlaskjól 90** (15.310.13) 106128 Mál nr. BN061104
Ingibjörg Ólafsdóttir, Sörlaskjól 90, 107 Reykjavík
Helgi Rafn Jósteynsson, Sörlaskjól 90, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera nýjar garðdyr, lækka hluta lóðar og setja pall sunnan við hús á lóð nr. 90 við Sörlaskjól.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

57. **Thorsvegur 1** (23.---.99) 109211 Mál nr. BN061156
 430572-0169 Mannvit hf., Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til að byggja tengivirkisbyggingu úr stálgrind, sem klædd verður með steinullar-yleiningum með trapisuáferð á lóð nr. 10 við Blikastaðarveg.
 Orkurammi fylgir.
 Stærð hús er: 142,8 ferm., 864,0
 Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
58. **Tjarnargata 12** (11.413.06) 100909 Mál nr. BN061136
 590810-1180 Menningarfélagið Tjarnarbíó(MTB, Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að fjarlægja núverandi kaffisölu og eldhús, setja barborð í forsal og bæta við einu vatnssalerni á snyrtingu kvenna í matshluta nr. 2 í húsi á lóð nr. 12 við Tjarnargötu.
 Stærð: Óbreytt.
 Erindi fylgir samþykki leikhússtjóra dags. 10. júní 2022 og afrit af aðaluppdrætti sem samþykktur var þann 3. nóvember 2015.
 Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
59. **Tunguháls 9-11** (43.272.01) 111056 Mál nr. BN061181
 570204-2380 Vari fasteignafélag ehf., Skeifunni 8, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059489 vegna lokaúttektar, öryggislokun við stjórnstöð færð og snyrtingar fækkað um tvær á 1. hæð í húsi nr. 11 á lóð nr. 9-11 við Tunguháls.
 Stærð húss: Óbreytt
 Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar, dags. 20. júní 2022.
 Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
60. **Úlfarsfell II** (00.076.002) 208499 Mál nr. BN060989
 560608-2410 TBA Heimilislækningar ehf, Pósthólf 39, 202 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til niðurrifs á íbúðarhúsi ásamt hlöðu og fjósi á lóð L 208499, Úlfarsfell II.
 Niðurrif:
 01-0101 Íbúðarhús: 179,0 ferm.,
 02-0101 Fjós: 71,0 ferm.,
 05-0101 Hlaða: 82,0 ferm.,
 Erindi fylgir yfirlit niðurrifs dags. 19. maí 2022.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
 Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.

61. **Vatnagarðar 38** (14.079.02) 104958 Mál nr. BN061180
540400-2290 ALP hf., Holtavegi 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á erindi BN049803 vegna lokaúttektar þar sem hurð í kjallara er felld niður og brunamerkingar á 2. hæð og byggingarlýsing brunahönnunar er uppfærð, í húsi á lóð nr. 38 við Vatnagarða.
Minnisblað Mannvit dags. 20. júní 2022 fylgir.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

62. **Vesturgata 33** (11.351.02) 100439 Mál nr. BN061174
Örvar Geir Örvarsson, Vesturgata 33, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu úr timbri framan við inngang og gera svalir ofan á hana auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á húsinu á lóð nr. 33 við Vesturgötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. júní 2022.
Stækkun er: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

Ýmis mál

63. **Langholtsvegur 169A** (14.700.04) 105690 Mál nr. BN061184
Tilkynning um álagningu dagsekta.
Lagt fram bréf Eftirlitsdeildar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. júní 2022, þar sem tilkynnt er að byggingarfulltrúinn í Reykjavík hyggst leggja á dagsektir þar sem dregist hefur að fjarlægja saunabyggingu og garðskúr og sækja um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu, fyrir húsið að Langholtsvegi 169A.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

64. **Suðurlandsbraut 34/Ár** (12.652.01) 103543 Mál nr. BN061189
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til minnka lóðina Ármúla 31, í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti sem eru dagsettir 27.06.2022.
Lóðin Ármúli 31 (staðgreininr. 1.265.201, landeignarnr. L103543) er 26240 m².
Teknir 7489 m² af lóðinni og bætt við óútvísaða landið, L218177.
Lóðin Ármúli 31 (staðgreininr. 1.265.201, landeignarnr. L103543) verður 18751 m².
Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í skipulags- og samgönguráði 30.06.2021, samþykkt í borgarráði 01.07.2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 19.04.2022.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fyrirspurnir

65. **Funahöfði 7** (40.600.04) 110581 Mál nr. BN061039
Guðmundur Kristján Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík
Spurt er hvort leyft yrði að breyta skráningu 1. hæðar úr skrifstofum í íbúðarherbergi á lóð nr. 7 við Funahöfða.
Erindi fylgir bréf dags. 13. apríl 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Neikvætt.
Samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9 júní 2022.
66. **Hagamelur 20** (15.403.24) 106317 Mál nr. BN061165
Jóhann Gunnar Guðbjartsson, Geitagerði 11, 551 Sauðárkrókur
Spurt er um leyfi til að til að fá ósamþykkt íbúð í risi sem samþykkt í húsi á lóð nr. 20 við Hagamel.
Stærð: Óbreytt.
Erindi fylgja ljósmyndir af innra skipulagi rýma í risi og skýringarteikning grunnmyndar.
Afgreitt.
Samanber með vísan til leiðbeinga á fyrirspurnarblaði.
67. **Hraunbær 2-34** (43.342.01) 111074 Mál nr. BN060643
Arnaldur Hjartarson, Álftamýri 19, 108 Reykjavík
Spurt er hvort rými 0001, skráð séreign, fengist samþykkt sem íbúð í fjölbýlishúsi nr. 20, mhl.11, á lóð nr. 2-34 við Hraunbæ.
Íbúðaskoðun dags. 27. júní 2022 ásamt ljósmyndum.
Neikvætt.
Uppfyllir ekki ákvæði byggingarreglugerðar, sjá leiðbeiningar á fyrirspurnarblaði.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 14:40

Erna Hrönn Geirsdóttir
Nikulás Úlfar Másson
Jón Hafberg Jónsson
Vífill Björnsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir